



Handbók

Laugargerðisskóla

starfsáætlun

2015-2016

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Grunnupplýsingar.....	3
2. Hlutverk skólans	3
3. Stefna og markmið Laugargerðisskóla.....	4
4. Útfærsla skólans á grunnþáttum menntunar.....	5
5. Stjórnskipulag skólans	7
6. Samskipti heimili og skóla	7
7. Hagnýtar upplýsingar	8
8. Tengls leik og grunnskóla.....	9-10
9. Skólaakstur.....	11
10. Skólareglur.....	11
11. Nám og kennsla	12
12. Námsmat – einkunnir	14
13. Þróunar og nýbreytnistarf.....	15
14. Félagstörf ,nemendaráð	15
15. Foreldrasamstarf og fastir viðburðir.....	17
16. Óskilamunir	17
17. Innra mat.....	18
18. Stoðþjónusta ,	19
19 Heilsugæsla.....	20-21
20. Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans	22-23
21. Nemendur Laugargerðisskóla veturinn 2015-2016	24
22. Gjaldskrá Laugargerðisskóla.....	25
23. Skóladagatal.....	26

Inngangur

Ágætu foreldrar og aðrir forráðamenn!

Handbók Laugargerðisskóla er samin samkvæmt nýrri aðalnámskrá, í þessum upplýsingabækling er farið yfir helstu atriði starfsáætlunar skólans, sem er hluti af skólanámskránni. Skólanámskráin og mánaðabréfin munu síðan birtast á heimasíðu skólans Netfang skólans er: <http://www.laugargerðisskoli.is>

Það er von okkar að þessi bæklingur sé upplýsandi um skólastarfið og komi að gagni þegar þið viljið ná til skólans, kennara eða annars starfsfólks.

1. Grunnupplýsingar

Laugargerðisskóli er fámennur skóli í afar fallegu umhverfi þar sem landbúnaðarstörf eru aðalatvinna flestra foreldranna. Skólinn hefur starfað síðan 1965, var upphaflega heimavistaraskóli. Í skólahúsnæðinu eru kennslustofur, mötuneyti, ásamt góðu holi á sömu hæð, verkmenntakennslustofur í kjallara. Heimavistarherbergi eru eingöngu notuð sem hótél á sumrin. Við skólann er einnig íþróttahús og sundlaug. Reynt er að nota umhverfið og aðstæður þessar sem mest í þágu nemenda. Haustferðir og vorvinna eru hluti af þeirri vinnu

Leik- og grunnskólinn opna kl. 8:00 á morgnana og ef tilkynna þarf veikindi eða önnur forföll, er best að gera það í síma 4356600 kl: 8:00 – 8:30 eða senda tölvupóst á laugarg@ismennt.is

Athugið að símanúmerið 435 6600 er einnig hjá skólastjóra, hinu númerinu hefur verið lokað.

Athugið að ekki er víst að alltaf komist einhver til að svara í símann á skólatíma, en í viðtalstímum kennara eru þeir við símann. Gott væri að fá upplýsingar frá ykkur ef það eru einhver atriði sem vantar í handbókina eða betur mættu fara.

Munið að þið eruð ætíð velkomin í skólann. Sjón er sögu ríkari. Vinnum saman að velferð nemenda Laugargerðisskóla.

2. Hlutverk skólans

Laugargerðisskóli starfar eftir lögum um leik- og grunnskóla.

„Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun

Laugargerðisskóli starfar samkvæmt lögum um leik og grunnskóla.

„Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu.“

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir

nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólustarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. grein

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Lög um leikskóla nr.90/2008,2.grein

3. Stefna og markmið Laugargerðisskóla

- Að starfa eftir lögum um grunnskóla og búa nemendum undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- Að veita nemendum haldgóða menntun, þroska sjálfstæða hugsun og vinnubrögð.
- Að öllum líði vel í Laugargerðisskóla
- Að taka mið af þörfum hvers og eins nemenda og aðstoða til aukins þroska á forsendum hvers og eins.
- Einelti er ekki liðið í Laugargerðisskóla
- Að vinna í nánu samstarfi við foreldra og taka mið af umhverfi skólans.
- Nemendum skal tamin ábyrgð og virðing fyrir náttúru og menningu, sjálfum sér og öðrum.

Markmið skólans

Höfuðmarkmið skólans er að vinna samkvæmt ofangreindum grunnskólalögum. Skólinn stuðlar að menntun og þroska hvers og eins. Það gerum við með því að skapa gott og uppbyggjandi lærdómssamfélag þar sem þörfum hvers og eins er mætt. Nemendum skulu veitt tækifæri til að afla sér menntunar og þroska og temja sér vinnubrögð sem stuðla að skrefum í þá átt. Þjálfra þarf hæfni hvers og eins til samstarfs við aðra og leggja grundvöll að

sjálfstæðri hugsun nemenda. Mikilvægt er að undirbúa nemendur vel undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi þar sem virða á réttindi allra.

4. Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga

Í nýrri Aðalnámskrá frá 2011 eru sex grunnþættir menntunar lagðir til grundavallar í aðalnámskrá grunnskólans. Þeir eru:

Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun

Í Laugargerðisskóla er leitast við að hafa grunnþættina að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Efnisval og inntak náms, kennslu, leiks og skólabragur mótast af þessum grunnþáttum.

Í Laugargerðisskóla starfa nemendur og starfsfólk undir einkunnarorðunum *Traust - virðing - vinátta*

Menntun er máttur

Laugargerðisskóli leitast við að haga störfum sínum í fyllsta samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Stefnt er að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. **Mátturinn** felst í virkri þátttöku nemenda í lýðræðissamfélagi innan og utan skólans.

Markmiðið er að í Laugargerðisskóla líði öllum vel. Velferð nemenda og starfsfólks er höfð í fyrirrúmi. Starfið miðar alltaf að því að góður starfsandi endurspeglar í skólalífinu. Einkunnarorð skólans fléttast inn í allt skólalíf og unnið markvist með þau.

Traust, „Traust er frumskilyrði mannglegra samskipta, það heldur samfélagi manna saman. Traustið milli manna er huggunin sem tengir þá saman og um leið og það dvín hallar undan fæti.“ Gagnkvæmt traust skiptir sköpum en ekki er sjálfstraust minna virði. Í því felst trú á sjálfum sér og eigin verðleikum og af því hlýst öryggi í framkomu. Sá sem hefur ekki sjálfstraust kemst ekki þangað sem hann vill fara.“ Gunnar Hersveinn

Virðing, „Virðing felur í sér væntumþykju gagnvart öðrum og er svarið við fordómum. Hún felst í að heiðra sambandið milli sín og annarra og veita umhverfinu stöðu í hjarta sínu.“ „Bernskan er dýrmæt og viðkvæm og þarfnast gætni og virðingar. Barnið þarf föruneysi, ráð og leiðbeiningar til að geta metið aðstæður og tekið gifturíkar ákvarðanir“ Gunnar Hersveinn

Vinátta, „Vinátta er oftast lengi að verða til. Vinátta felst í því að gera eitthvað saman, vinna, skemmta sér og leysa vandamál. Það vekur vonir um framtíðina að gera eitthvað ánægjulegt saman og skapa góðar minningar. Vinátta er því lifandi samband sem þróast og styrkist með árunum og segja má að góðir vinir bæti hver annan.“ Gunnar Hersveinn

Okkar markmið er að:

- Nemendur hafi góða sjálfsmynd, sýni sjálfsgaga og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Nemendur hafi góða almenna þekkingu
- Nemendur búi yfir færni til að nota þekkinguna

Við teljum að við náum þessu með því að:

- Hafa trú á nemendum
- Virða alla starfsmenn og nemendur
- Viðurkenna og gera mikið úr árangri á öllum sviðum
- Leyfa mistök, nota þau til að læra af
- Vinna saman og sýna gagnkvæma þolinmæði og skilning
- Sýna umburðarlyndi og umhyggju
- Trúa á gildi menntunar

Í vinnu okkar með nemendum viljum við:

- Virða jafna stöðu allra
- Þroska með nemendum sjálfstraust og sjálfsvirðingu
- Sýna metnað í allri vinnu
- Koma á jákvæðum samskiptum við allar aðstæður
- Bera ábyrgð á nemendum og styðja við hlutverk foreldra

Í skólavinnunni viljum við:

- Koma til móts við þarfir hvers og eins
- Ýta undir að nemendur sýni metnað, sjálfstæði og samvinnu í námi
- Ávallt sýna miklar væntingar
- Gera alla stolta af eigin árangri og annarra
- Útskýra rök og markmið sem námið byggir á
- Undirbúa nemendur fyrir hlutverk sitt og möguleika í framtíðinni

Til hvers eru grunnþættir ?

„Grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það“. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 14


Grunnþættirnir sex eiga að endurspeglast í öllu skólastarfinu. Í Laugargerðisskóla er unnið með hefðbundnar námsgreinar samkvæmt viðmiðunarstundarskrá. Námskrár einstakra greina og námsmat eru settar inn á mentor. Vegna fámennis skólans er samkensla á öllum skólastigum.

Skólinn hefur mótað sér stefnu í umhverfismálum. Endurvinnslugámur er við skólann. Hluti af pappírnum er nýttur í pappamassa í skólanum. Umhverfissáttmálann má skoða á heimasíðu skólans.

5. Stjórnskipulag skólans

Laugargerðisskóli er rekinn af sveitarfélaginu Eyja- og Miklaholtshrepps í samstarfi við Borgarbyggð fyrir nemendur úr Kolbeinstaðarhrepps.

Skipurit Laugargerðisskóla



6. Samskipti heimili og skóla

Foreldrafélag og skólaráð.

Í Laugargerðisskóla starfar **foreldrafélag** og eru allir foreldrar og forráðamenn sjálfkrafa félagar þess. Markmið félagsins er að styrkja í hvívetna og vinna að heill og hamingju nemenda.

Stjórn foreldrafélags Sigríður Jóna Sigurðardóttir
Guðný L. Gísladóttir
Katharina Kotschote

Fræðslu og skólanefnd Laugargerðisskóla

Katrín Gísladóttir
Halldór Sigurkarlsson
Hrefna Birkisdóttir

Á fundum sitja einnig skólastjóri, fulltrúi kennara Sigurður Jónsson, fulltrúi foreldra Sigríður Sigurðardóttir og fulltrúi Borgarbyggðar Hulda Þórðardóttir.

Skólaráð

Samkvæmt 8.gr. grunnskólalaga skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalagd. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð er skipað 7 einstaklingum til tveggja ára í senn. Tveimur kennurum, tveimur foreldrum, einum starfsmanni. Skólaráðið velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi forleðra. Fulltrúar nemenda eiga kost á að taka þátt í umræðum um velferðarmál þeirra.

Í skólaráði sitja: *Aglá Kjartansdóttir fulltrúi foreldra, lóunn Silja Svansdóttir fulltrúi foreldra, Halla Guðmundsdóttir og Áslaug Sigvaldadóttir kennarar, Áslaug Guðmundsdóttir starfsmaður, Inga Dís Víkingsdóttir formaður nemendaráðs. Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri. Stefnt er að því að skólaráð hittist a.m.k. 2var á vetri.*

7. Hagnýtar upplýsingar

6.1 Starfsfólk og símanúmer

	sími	gsm
Kennarastofa og skólastjóri	4356600	
Eldhús	4356702	
Íþróttahús	4356608	
Leikskóli	4356604	
Kristín Björk Guðmundsdóttir, skólastjóri	5540446,	8944600
Halla Guðmundsdóttir, kennari	4356657	6914757
Sigurður Jónsson, kennari	4356605	8973605
Áslaug Sigvaldadóttir, kennari	4356639	8925667
Friðbjörn Ö.Steingrímsson, kennari	5540446,	8610452
Steinunn Pálsdóttir, tónlistarkennsla	8996134	
Áslaug Guðmundsdóttir, ráðskona	4356609	
Áslaug Guðbrandsdóttir, skólaliði	4356637	6987781
Herdís Þórðardóttir, starfsmaður leikskóla	4356772	6919879
Guðbjörg Gunnarsdóttir, skólaliði	4356605	8983604
Sesselja Oddsdóttir, skólaliði	4356625	8495625
Sigríður Jóna Sigurðardóttir skólaliði	8936679	
Trausti Tryggvason smíðakennari	7772341	
Halldór Jónsson, bílstjóri	4356609,	8626231
Ólafur Sigvaldason, bílstjóri	4356760,	6619860
Valgarð Halldórsson bókarari	5528550,	8978550
Eggert Kjartansson oddviti/reikningshaldari	4356870,	8652400

Heimasíða skólans

www.laugargerðisskoli.is

Netföng

Laugargerðisskóli, skólastjóri
Laugargerðisskóli, kennarar
Halla Guðmundsdóttir
Sigurður Jónsson
Friðbjörn Ö. Steingrímsson
Áslaug Sigvaldadóttir
Steinunn Pálsdóttir
Valgarð Halldórsson

laugarg@ismennt.is
laugargk@ismennt.is
dalsmynn@ismennt.is
sigionss@ismennt.is
oddi@ismennt.is
asla@ismennt.is
steinkapals@simnet.is
vsh@fjarhald.is

Viðtalstímar umsjónarkennara

Áslaug Sigvaldadóttir 1.-3.bekkur	þriðjudagar	kl. 13:00 - 13:30
Sigurður Jónsson 8-9. bekkur	fimmtudagar	kl. 10:00 - 10:40
Halla Guðmundsdóttir 4,6,10. bekkur	þriðjudagar	kl. 11:00 - 11:40

8. Tengsl leik og grunnskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla ber sveitarfélögum að koma á samstarfi milli leik og grunnskóla.

Í Laugargerðisskóla er leitast við að hafa samstarfið sem mest og samfellu á milli þessa skólastiga. Leikskóladeild er starfrækt við grunnskólann og hún hluti af skólanum. Leikskólabörnin nota sama mótuneyti og laust rými í skólanum utan leikskóladeildar eftir þörfum. Öll leikskólabörnin fá íþróttir, tölvur og tónmennt einu sinni í viku. Elstu börn koma í forskóla til kennara í málörvun. Námskrá fyrir leikskólann verður send til foreldra leikskólabarna. Skólastjóri ber ábyrgð á skipulagi leikskóla og grunnskóla.

9. Skólareglur

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum að setja sér skólareglur.

„Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólin hyggst bregðast við brotum á þeim. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglna og kynningu þeirra og skulu þær unnar í samráði við skólaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði. Skólareglur voru endurskoðaðar skólaárið 2012-2013.

Lög um grunnskóla nr.91/2008,30.grein

Skólareglur Laugargerðisskóla eru umgengnisreglur sem nemendur og starfsfólk hafa komið sér saman um. Einkunnarorð skólans eru *traust, virðing, vinátta*. Við viljum stuðla að heilbrigði og vellíðan í skólanum.

Traust

- Við komum í skólann til að læra/vinna og gera okkar besta
- Við komum á réttum tíma í kennslustund, vel undirbúin og tilbúin til að takast á við verkefni.
- Við komum klædd í skólann eftir veðri og förum í útivist á hverjum degi, við notum húfur, hettur og útiskó og föt utandyra.
- Við höfum viðeigandi búnað með okkur í skólann og íþróttaföt í íþróttir.
- Við temjum okkur hollar lífsvenjur og neytum ekki sælgætis þ.m. t. tyggjó á skólatíma, nema með leyfi kennara.
- Við erum heilbrigð og notum ekki vímuefni. Skólinn er tóbakslaus vinnustaður. Meðferð og notkun alls tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er að sjálfsgöðu stranglega bönnuð.
- Við notum farsíma, myndavélar, MP3 spilara, tölvur, eingöngu undir stjórn kennara eða skólastjóra á skólatíma.

Virðing

- Við göngum vel um eigur okkar og annarra.
- Við berum ábyrgð á hlutum okkar og pössum vel upp á föt og skóladót.
- Við tökum tillit til nemenda og starfsmanna, við höfum vinnufrið og truflum ekki starf annarra.
- Við leggjum okkur fram um að breyta rétt og förum að fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna.
- Við hlaupum ekki þar sem hætta er á að rekast á aðra og troðumst ekki í röð þegar á að fara í röð.

Vinátta

- Við erum kurteis og komum vel fram við alla í skólanum svo öllum líði vel og nái árangri í starfi.
- Við bjóðum öllum í deildinni okkar ef við dreifum afmælisboðskortum í skóla.
- Við komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur

Við virðum reglurnar okkar

- **Reglur eru settar til þess að gera lífið betra og árangursríkara. Við virðum reglurnar og förum eftir þeim. Þeir sem brjóta þær viljandi eða óviljandi verða að læra betur að fara eftir þeim.**

Skólareglurnar gilda í skólanum, á skólalóðinni, í skólabílnum og alls staðar þar sem nemendur eru á vegum skólans. Ef skólareglur eru brotnar getur skólastjóri og starfsfólk veitt nemandanum áminningu.

Áminningar

Áminningar eru gefnar fyrir alvarleg brot á skólatíma. Þær eru skráðar í Mentor

- Nemendur geta fengið áminningar fyrir að trufla ítrekað vinnufrið í tímum og láta sér ekki segjast, beita ofbeldi eða grófri stríðni, sýna dónaskap eða aðra óviðeigandi hegðun. Fáir nemandi áminningu skal vísa honum til skólastjóra
- Nemendur geta fengið áminningar á öllu skólasvæðinu, jafnt úti sem inni. Ef nemandi hegðar sér illa í frímínútum, beitir ofbeldi eða grófri stríðni fær hann áminningu. Við það getur hann misst rétt sinn til að fara í frímínútur í ákveðinn tíma.
- Ef nemandi fær ítrekað áminningar í skólabílum þá geta foreldrar þurft að fylgja nemandanum ákveðinn tíma í skólabílnum eða að sjá um að koma nemandanum í og úr skóla.
- Ef nemandi fær áminningu skal ávallt hringja í foreldra og láta vita
- Ef nemandi er kominn með 3 áminningar eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í viðtal til umsjónarkennara og skólastjóra og leitað lausna.

Umsjónarkennari getur fellt niður áminningar í lok hverrar annar.

Til að fyrsta áminning falli niður verður nemandi að sýna óaðfínanlega hegðun í viku.

Önnur áminning fellur niður eftir tvær vikur með sömu skilmálum

Umsjónarkennarar halda utan um skráningar og fara yfir í foreldraviðtölum nemenda í 6.-10. bekk á hverri önn, oftast ef þurfa þykir.

Stigagjöf er eftirfarandi:

1 stig fyrir seint

2 stig fyrir skröp

3 stig fyrir brottrekstur úr tíma /áminningu

5 stig fyrir tóbaksnotkun

Ef nemandi fær 10 stig er nemandi kallaður í viðtal til skólastjóra og foreldrar látnir vita. Nemandi er aftur kallaður til viðtals eftir 20 stig. Ef nemandi fær 30 stig er hann ásamt foreldrum /forráðamönnum kallaður í viðtal hjá skólastjóra. Við 40 stig er nemandi og foreldrar/forráðamenn boðaðir í viðtal. Ef um ítrekuð brot er að ræða gæti foreldri/forráðamaður í framhaldi af því þurft að mæta í skólann með nemandanum í einn dag. Málið tilkynnt til nemendaverndarráðs.

Við 50 stig er málinu alfarið vísað til nemendaverndarráðs og fer þar í ákveðinn farveg. Nemendur eiga alltaf kost á að fá felld niður stig með bættri ástundun og framför. Með því geta þeir felld niður 2 stig á viku og þar með breytt ástundunareinkunn til betri vegar.

Viðurlög við brotum á skólareglum

1. Umsjónarkennarar taka á brotum umsjónarnemenda sinna. Unnið er eftir vinnureglum um brot á skólareglum.
2. Ef starfsfólk, annað en umsjónarkennari viðkomandi nemanda, verður vart við brot nemanda á skólareglum skal vísa málinu til umsjónarkennara.

Vinnureglur við brotum á skólareglum Laugargerðisskóla

1. Viðkomandi kennari eða starfsmaður bæðir við nemenda einslega. Nemenda gefst tækifæri að bæta fyrir brot án frekari beitingar viðurlaga. Kennari, umsjónarkennari eða annar starfsmaður skólans getur aðstoðað nemandan við að leysa úr sínum málum. Atburður skráður í Mentor.
2. Breyti nemandi ekki hegðun sinni er umsjónarkennari látinn vita og hann gerir nemandanum grein fyrir alvarleika málsins og hvort um áminningu er að ræða, skráir atburðinn í Mentor og hefur samband heim.
3. Náist ekki árangur boðar umsjónarkennari nemanda og forráðamenn hans á fund um málið. Niðurstöður fundarins skráðar og allir viðstaddir kvitta undir. Umsjónarkennari skráir í Mentor og gerir skólastóra grein fyrir stöðu málsins.
4. Umsjónarkennari vísar málinu til skólastjóra.
5. Skólastjóri vinnur með málið og kynnir það nemendaverndarráði (skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, umsjónarkennari)
6. Ef ekki tekst að finna lausn á vanda nemandans og ef hegðun hans kemur í veg fyrir eðlilegt skólastarf getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla tímabundið, meðan lausn er fundi (Lög grunnskóla nr.91/2008,14.grein). Skólastjóri vísar málinu til skólanefndar Eyja- og Miklaholtshrepps

Ef brot er minni háttar er unnið út frá fyrsta lið. Ef brotið er alvarlegt er unnið út frá þeim lið er talið hæfa brotinu. Á öllum stigum málsins er meðferð þess skráð í Mentor.

10. Skólaakstur

„ Sveitarfélög bera kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.“ *Sbr. Reglur um skólaakstur 2009 2.gr.* Við daglegan akstur nemenda eru notaðir 3 skólabílar. Skólinn og foreldrar þurfa að hjálpast að við að brýna fyrir nemendum aðgæslu kringum skólabíla, hvort sem það er heima, á þjóðvegi eða við skóla. Nauðsynlegt er að nota endurskinsmerki þegar að dimma tekur og allra veðra er von. Foreldrar eru beðnir um að láta bílstjóra vita ef ekki á að sækja börn þeirra vegna veikinda eða leyfa. Foreldrar þurfa að athuga að skólabílar geta ekki beðið lengi ef nemendur láta bíða eftir sér á morgnana. Í slíkum tilvikum verða foreldrar sjálfir að koma börnum sínum í skólann. Öllum er skylt að nota bílbelti í skólabílunum. Foreldrar leikskólabarna þurfa að semja persónulega við bílstjóra ef þeir

hyggjast nota skólabíl. Leikskólabörn eru ekki með í útboði þar sem miðað er við fjölda barna í grunnskóla í slíku útboði.

Ófærð og óveður

Veðurfar í skólahverfinu getur verið afar ólíkt á milli svæða og því getur þurft að fella niður kennslu þó að veður sé skaplegt á einhverjum hluta svæðisins. „Bifreiðastjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirbyggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber um slíkar breytingar án tafar til skólans.“ Sbr. Reglur um skólaakstur 2009 5.gr

Ef fella þarf niður kennslu vegna illviðris eða ófærðar, er hringt heim til foreldra. Ef brestur á með óveðri meðan á skóla stendur, verða nemendur ekki sendir heim fyrr en veður og færð leyfir. Aðstaða er til að láta alla nemendur gista ef þarf.

Það er fyrst og fremst ákvörðun foreldra að halda börnum sínum heima ef þeir telja slíkt rétt vegna veðurs. Með slíkt er farið eins og um leyfi væri að ræða. Foreldrar leikskólabarna þurfa sérstaklega að hafa í huga að skólabíll getur verið lengi á leiðinni ef veður er slæmt og meta þarf því aðstæður vel áður en leikskólabarn er sent með skólabíl. Tilkynna skal skólabílstjóra svo og skólastjóra/umsjónarkennara ef foreldrar halda barni heima vegna veðurs..

Heimsóknir nemenda

Skólinn fer fram á það við foreldra að heimsóknir nemenda á milli bæja verði ákveðnar heima, a. m. k. með þeim fyrirvara að ekki þurfi að koma til hringinga eða að nemendur séu að semja um slíkt sín á milli í skólanum. Gott væri að fá orðsendingu með börnunum varðandi þessar heimsóknir. Ekki er heldur víst að pláss sé í skólabílunum svo að það þarf einnig að hafa samband við skólabílstjóra.

Mötuneyti

Mötuneyti hefur verið starfrækt við Laugargerðisskóla frá stofnun skólans. Boðið er upp á fjölbreyttan morgunverð og heitan mat í hádeginu. Nemendum er ráðað á borð eftir bekkjardeildum og eiga því allir ákveðið sæti í borðstofunni, bæði í morgun- og hádegismat. Ætíð er starfsmaður á gæslu í borðsal og aðstoðar yngstu nemendurna.

11. Nám og kennsla

Hlutverk umsjónarkennara

Umsjónarkennari kynnir nám og námskrár fyrir foreldrum í byrjun skólaárs með námskynningum í byrjun september. Þar er farið yfir skipulag náms sem er mikið einstaklingsmiðað. Hver umsjónarkennari útskýrir eftir aldri nemenda hvaða form þeir hafa á föstum samskiptum, með MENTOR, dagbókum eða vikuáætlunum sem sendar eru heim.

Umsjónarkennari kynnir nemendum sínum skólareglurnar og fylgist með umgengni nemenda sinna við skólann. Hann fylgist með skólasókn og námi þeirra og hefur samband við heimili þegar ástæða þykir. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara á skólatíma eða koma skilaboðum til hans þegar ástæða þykir. Þegar nemandi þarf leyfi í einn dag eða skemur getur umsjónarkennari veitt slíkt leyfi. Liggi nemendum eða foreldrum eitthvað á hjarta eru þeir vinsamlega beðnir um að hafa samband við umsjónarkennara. Umsjónarkennarar hafa allir viðtalstíma.

Mentor

Laugargerðisskóli notar Mentor til að halda utan um ýmsar skráningar sem tengjast nemendum og kennslu. Allir foreldrar hafa aðgang að Mentor og fá lykilorð í upphafi skólaárs. Kennarar skrá mætingar, veikindi og brot á skólareglum inn, einnig eru stundatöflur og upplýsingar um starfsmenn aðgengilegar á Mentor. Kennsluáætlanir hvers bekkjar eru settar þarna inn og bæði nemendur og kennarar geta metið stöðu út frá matskvörðum sem fylgja námsáætlunum.

Tónlistarnám.

Steinunn Pálsdóttir sér um tónlistarkennslu. Kennt er á píanó, gítar, trommur og blokkflautu, eftir því sem nemendur óska. Nemendur fara í tónlistartíma út úr öðrum tímum, reynt er að láta nemendur fara úr mismundandi tímum svo þau missi ekki alltaf úr sömu tímum. Í vetur munu allir nemendur í 1.-4 bekk fá 2 tónlistartíma á viku þar sem m.a. verður spilað á blokkflautu, sungið og lært um nóturnar. Einnig fá nemendur í 6. bekk 1 kennslustund á viku.

Íþróttir

Nemendur stunda íþróttir 3 tíma á viku. Fastir sundtímar eru á mánudögum eða þriðjudögum í vetur. Í Laugargerði er útisundlaug og er því sundkennsla háð veðri. Upplýsingar um skipulag íþróttakennslu er inn á heimasíðu skólans. Áhersla er lögð á góða umgengni. Nemendum ber að ganga vel um, raða skóm og hengja útifatnað í anddyri íþróttahússins, sömuleiðis að hengja upp föt sín í búningsklefum. Nemendur eiga að fara í sturtu eftir hvern íþróttatíma og þvo sér áður en farið er í sundlaugina. Yngstu börnin fá að ráða því hvort þau fara í sturtu, foreldrar ræða það við börnin sín hvort þau hafi farið í sturtu þegar þau koma heim. Íþróttakennari sér um baðvörslu í karlaklefa en skólaliði sér um baðvörslu í kvennaklefa eftir þörfum. Nemendur eiga að hafa hreinan og merktan íþróttafatnað, handklæði, innanhússkó (mið- og elstastig), sundföt og sundgleraugu. Þá þurfa nemendur tösku undir fatnað sinn. Ef nemendur geta ekki mætt í íþróttir eða sund t.d. vegna veikinda, þurfa foreldrar að votta það við umsjónarkennara og ef um langvarandi veikindi eða meiðsl er að ræða, þurfa nemendur að skila læknisvottorði.

Námsbækur og gögn

Það er aldrei of oft brýnt fyrir nemendum að ganga vel um skólann og fara vel með þær námsbækur og gögn sem þeir fá að láni í skólanum. Laugargerðisskóli útvegar nemendum sínum allar nauðsynlegar námsbækur. Mikilvægt er að nemendur fari vel með allar bækur sem þeim eru látnar í té því sumar þeirra eru notaðar aftur og aftur. Þessar bækur eru eign skólans og ber nemendum að skila þeim að vori. **Ákveðið hefur verið að nemendur eigi að nota teygjumöppur eða plastmöppur utan allar bækur sem skólinn lánar þeim.** Ef nemandi týnir eða skemmir námsbók ber honum að bæta þann skaða. Nemendur þurfa að vera með góða skólatösku fyrir bækur og ritföng.

Heimanám

Undirstaða þess að góður námsárangur náist í skóla er að heimanám sé vel rækt. Heimanám getur verið mismunandi eftir bekkjum og námsgreinum.

Nemendur 1., 2. 3. og 4. bekkja lesa daglega heima. 1.-3. bekkur fá annað heimanám afhent á fimmtudögum. 4. bekkur er með Skóladagbók þar sem heimanám er skráð ásamt skilaboðum milli foreldra og kennara.

Heimanám 6.-10. bekkja er skráð í mentor, þannig að auðvelt er fyrir kennara og foreldra að fylgjast með hvað er unnið og hvað ekki. Eftir því sem betur er fylgst með námi barnanna og þeim mun meiri hvatningu sem þau fá, verða börnin áhugasamari, jákvæðari og ná betri árangri. Foreldrar eru beðnir að nota lestrarkorteða Skóladagbók til að koma skilaboðum til kennara varðandi heimanám, t.d. ef nemandi gat ekki unnið það vegna óviðráðanlegra atvika. Ef einhverjar spurningar eða óskir koma upp hjá foreldrum í tengslum við heimanám,

þá vinsamlegast hafið samband við umsjónarkennara nemandans. Verum dugleg að hafa samband og styðja þannig við nám barnanna.

Útikennsla

Að vori og hausti er reynt að nota umhverfi skólans til kennslu.

Á haustin fara yngri nemendur í vettvangsferðir og safna gróðri og dýrum sem notað er í líffræði og umhverfiskennslu.

Eftir að prófum lýkur á vorin eru 2-4 dagar sem kallast Vordagar. Ýmist eru nemendur í skóla þessa daga eða á heimilum í skólahverfinu. Í skólanum er unnið að gróðursetningu Yrkjuplantna, áburðargjöf og umhirðu gróðurs á skólalóð og í skólaskóginum. Settur er pappamassi kringum nýgróðursettar plöntur til að tefja illgresisvöxt og hindra að grasið kæfi litlar plöntur. Einnig er tekið til á skólalóð, leiktæki máluð, skjólveggir fúavarðir og rusli komið í gám.

Vordagar á sveitabæjum eru skipulagðir miðað við aldur og þær aðstæður sem eru á hverjum bæ. Til er verkefnasafn sem valið er úr. Þannig geta nemendur unnið verkefni tengd sauðfé á sauðfjárbúum og annars konar verkefni á kúabúum.

Valgreinar

Vegna fámennis er erfitt að bjóða upp á margar valgreinar. Farin hefur verið sú leið að fjölga tímum í verk og listgreinum, ásamt því að bæta íþróttatímum á alla hópa. Inni í vali eru smíðatímar hjá Trausta og áhugasviðsval. Eins og síðustu ár tekur skólinn svo þátt í Smíðjum á Varmalandi eða Kleppjárnsreykjum. Þær verða tvisvar í vetur, frá föstudegi til laugardags. Þar eru í boði margs konar námskeið, þar sem nemendur á elsta stigi geta valið sér viðfangsefni og unnið við það tvo daga í senn.

Heimabyggðin

Stefnt er að því að nemendur skólans kynnist sinni heimabyggð með því að skoða sitt nánasta umhverfi. Náttúran, sagan og atvinnuvegir í héraðinu, auðlindir og nýting þeirra er það sem við viljum að nemendur hafi kynnst við lok skólagöngu hér.

Reynt er að heimsækja staði eins og Rauðamelsölkeldu, Rauðukúllur, Landbrota- og Rauðamelslaugar, Eldborg, Gullborgarhraun, skógræktarsvæði og jarðhitasvæði svo eitthvað sé nefnt. Árlega er farið með yngstu börnin í Skógarnesfjöru.

Útivist

Nemendur eiga að klæða sig eftir veðri og gildir einu hvort veður er kalt, blautt eða þurrt. Allir nemendur eru skyldugir að fara í útivist tvisvar á hverjum degi.

12. Námsmat – einkunnir

Námsmat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur þáttur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Matsaðferðir eru fjölbreyttar og mismundandi eftir námsgreinum. Nánari upplýsingar um námsmat einstakra greina kemur fram í námsáætlunum.

Nemendur fá afhentar einkunnir eða umsagnir þrisvar á vetri, í byrjun nóvember, í febrúar og í lok maí. Í lok 1. og 2. annar hitta nemendur og foreldrar/forráðamenn umsjónarkennara og fá einkunnir og umsagnir. Í 5. - 9. bekk eru einkunnir gefnar í heilum og hálfum tölum. Nemendur í 1. - 4. bekk fá umsagnir. 10. bekkur fær einkunnir í bókstöfum, A-B-C-D Bak við hvern bókstaf eru ákveðin hæfnimarkmið.

Við annaskipti svara nemendur unglíngastigsins spurningum um nám og stöðu sína inn á Mentor í svokölluðu Leiðsagnarmati. Kennarar þeirra meta þau líka. Þetta er svo skoðað í foreldraviðtölum. Áætlað er að þetta verði með svipuðu sniði þetta árið, en byrjað er að

undirbúa nýtt námsmat samkvæmt nýrri námskrá þar sem hæfni nemenda verður metin á breiðari grunni en áður.

Samræmd könnunarpróf í 4. 7. og 10.bekk.

21.,22.og 23. september verða samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði í 10. bekk. 24.og 25. september verða samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði. Þessi próf eru yfirfarin í Reykjavík og útkoma þeirra kynnt nemendum og forráðamönnum þeirra þegar niðurstöður liggja fyrir.

13. Þróunar og nýbreytnistarf.

Þróun á kennsluháttum heldur áfram í þeim anda sem byrjað var með starfi í Borgarfjarðarbrúnni 2007. Þróunin tengist upplýsinga og tæknimennt þar sem allir nemendur frá 5. bekk og kennarar hafa nú til umráða **I-pad spjaldtölvur**. Gefur það möguleika á öðrum og fjölbreyttari vinnu aðferðum. Síðastliðið haust var byrjað að nota spjaldtölvu í leiksskólanum, hún er markvisst notuð til málörvunar og til að auka rökhugsun. Einnig er spjaldtölvun viðbót í sérkennslunni.

Tveggja ára **þróunarstarfi í Byrjendalæsi** hefur nú verið lokið en vinnu haldið áfram í sama anda. Þróunarstarf sem tengist frímínútum er nú á þriðja ári undir handleiðslu Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Verkefnið heitir **Vinaliðar**, aðalmarkmið verkefnisins er að bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum. **Traust , virðing, vinátta** verður í heiðri höfð. Vinaliðaverkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútum og skapa betri skólaanda. Umsjón með vinaliðaverkefninu hefur Kristín Björk Guðmundsdóttir, umsjónaraðilar og skipuleggjendur leikja eru Sigríður Jóna Sigurðardóttir og Áslaug Guðbrandsdóttir ásamt vinaliðum sem kosnir eru af nemendum. Annað þróunarstarf tengist nýrri námskrá. Mið og unglíngastig er sameinað og unnið með **tveggja kennara kerfi**. Haldið er áfram með vinnu í lotum þá er námsefninu skipt upp í minni einingar. Oft lýkur lotu með könnun, munnlegri eða skriflegri. Kennari hittir nemendur einslega að lokinni lotu og fer með nemandanum yfir efni lotunnar og nemandinn fær leiðsagnarmat.

Áhugasviðsval þar sem nemendur fá að vinna að sínu áhugasviði klukkutíma í senn einu sinni í viku heldur áfram þennan vetur. Laugargerðisskóli byrjaði sl. haust á formlegu þróunarstarfi sem **heilsueflandi grunnskóli**, það starf mun tengjast vinnunni við að vera áfram **græn fána skóli**. Sérstaklega verður unnið með geðrækt og jákvæðan aga þetta skólaárið. Markmið heilsueflandi grunnskóla er að stuðla að góðum skólabrag, hafa jákvæð áhrif á lífshætti og velferð nemenda og starfsfólks. Foreldrar geta lesið um heilsueflandi grunnskóla og leikskóla á <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan>

14. Félagstörf og ferðalög

Félagsstarf nemenda, nemendaráð

Starfandi er nemendaráð í skólanum með fulltrúum nemenda í 6. – 10. bekk. Nemendaráð annast í samvinnu við skólastjóra og fulltrúa kennara, skipulag á félags og skemmtanalífi í

skólanum, útgáfu skólablaðs, fjáröflun í ferðasjóð o.fl. Umsjón með nemendaráði hefur Sigurður Jónsson

Stefnt er að því að nemendum á mið- og elstasti standi til boða félagsstörf a.m.k. einu sinni í mánuði (langir dagar) og hjá yngsta stigi séu bekkjakvöld 2-3 sinnum á vetri. Sent verður heim skóladagatal með skipulagi á félagsstarfi og hvaða foreldrar eru á vakt. Í vetur er stefnt á að fara reglulega í Félagsmiðstöðina Óðal í Borgarnesi. Það verður skipulagt af stjórn foreldra-félagsins þegar dagskrá Óðals liggur fyrir. Foreldrar skiptast á að vera á gæslu á íþróttæfingum einu sinni í mánuði eftir skóla.

Stjórn nemendaráðs veturinn 2015-2016

Inga Dís Víkingsdóttir formaður

Bjarki Þór Ásbergsson

Jóna María Gísladóttir

Nemendaráð skipuleggur og undirbýr dagskrá fyrir nemendur á löngum dögum. Þau koma líka með tillögur að skipulagi íþróttæfinga. Langir dagar og íþróttæfingar eru merkt inn á skóladagatalið.

Skólabúðir

Í ár eru engir nemendur í 7. bekk svo ekki verður farið í skólabúðirnar á Reykjum.

Smiðjur

Nemendur á unglíngastigi taka þátt í smiðjum með Grunnskóla Borgarfjarðar ásamt Reykhólaskóla. Nemendur velja sér eina valgrein til að vinna í tvo daga í senn. Smiðjurnar eru dagsettar á skóladagatali. Nemendur fá síðan að taka þátt í og skipuleggja kvöldvöku á föstudagskvöld.

Samskipti við aðra skóla

Töluvert samstarf er við grunnskóla á Vesturlandi. Eitt **“Lyngbrekkuball”** hefur verið haldið fyrir 8.-10. bekk fyrir alla skólana á vorönn. Varmalandsskóli mun einnig bjóða upp á jólaball. Nemendur Laugargerðisskóla hafa boðið jafnöldrum sínum á Lýsuhóli í heimsókn og jafnframt farið þangað.

Haustgönguferðir

Á haustin er farið í gönguferðir, keyrt frá skólanum og gengið. Ferðirnar eru skipulagðar eftir veðri og aldri nemenda.

Óvissuferð

Að vori er farið í óvissuferð með nemendur frá 5.b – 10. bekk. Ferðin er ákveðin og skipulögð af kennurum og nemendum haldið í óvissu þar til komið er á áfangastað.

Skólaferðalög

Á tveggja eða þriggja ára fresti fara nemendur elstu bekkja í 3-4 daga ferðalag innanlands. Stefnt er á skólaferðalag með 8.-10. bekk í vor.

15. Foreldrasamstarf og fastir viðburðir.

Markmið skólans er að efla samvinnu starfsamanna skólans og foreldra til þess að stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda og gagnkvæman skilning beggja aðila. Stefnt er að því að foreldrar séu sem best meðvitaðir um það sem er að gerast í skólanum t.d með því að halda úti öflugir heimasíðu, senda mánaðarlega út bréf um það sem er á döfinni. Foreldrar taka allir þátt í fégastarfi nemendanna og er það skipulagt af stjórn foreldrafélagsins og sett inn á skóladagatal frá hvað bæjum foreldrar koma á langa daga.

Skólaárið skiptist í þrjár annir og eru foreldraviðtöl í lok þeirra tveggja. **Námsefniskynningar** eru haldnar í byrjun september ár hvert.

Foreldrafélagið sér einnig um fasta viðburði fyrir nemendur, s.s **leikhúsförð, jólaföndur og páskabingó**, þessir dagar eru settir inn á skóladagatalið.

Árshátíð

Árshátíð er haldin einu sinni á ári. Þá er sett upp stórt leikrit sem allir nemendur taka þátt í. Í fyrra sýndu þau leikritið Útilegan eftir Guðjón Sigvaldason. Árshátíðin hefur verið haldin á laugardegi til að sem flestir ættingjar eigi tök á að mæta.

Tónlistar og dans dagar.

Nemendur í tónlistarskóla Steinunnar halda tvenna tónleika, í lok nóvember og lok apríl. Danssýning hefur einnig verið haldin eftir dansnámskeið í lok apríl.

Grímuball

Grímuball er haldið í skólanum eftir hádegi á öskudag. Allir eru grímuklæddir og koma saman og slá köttinn úr tunnunni. Marsað og dansað. Foreldrar eru hvattir til að koma og vera með okkur þessa stund.

Vordagar og grill.

Samstarf er milli foreldra og Laugargerðisskóla um að nemendur vinni tvo til þrjá daga heima við ýmis störf sem tengjast vorinu. Nemendur fara heim með verkefnablöð og vinna og skrá dagbók um störfin. Nemendur hafa tækifæri til að velja sér einn dag annars staðar en heima til að kynnst fjölbreyttum störfum. Störfin sem þau vinna við eru t.d. sauðburður, mjaltir og vinna í fjósi, vinna á garðyrkjustöð, vinna við þjálfun hesta, ýmis heimilisstörf o.fl. sem er skipulagt í samræmi við áhugasvið nemenda. Eftir þessa heimadaga er komið aftur í skólann og unnið úr verkefnum, dagbækur fínþússaður og gerð línurit. Um hádegi **grillar foreldrafélagið** og allir hafa það gaman saman. Foreldrar hvattir til að koma í grillið.

Leikhúsförðir

Stefnt er að því að allir nemendur eigi kost á einni leikhúsförð eða annarri skemmtiferð á hverju skólaári. Foreldrafélag Laugargerðisskóla skipuleggur leikhúsförðir.

16. Óskilamunir

Æskilegt er að fatnaður nemenda sé merktur. Tapist flíkur eða annað í skólanum, geta foreldrar snúið sér til skólaliða sem geyma óskilamuni. Nauðsynlegt að góður hanki sé á úlpunum svo þær liggi ekki alltaf á gólfinu.

17. Innra mat

Sjálfsmat er ferli sem snýst um að skólinn afli upplýsinga um starfsemi sína, leggi mat á hana og íhugi í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks. Matið er innbyggt inn í daglegt starf og fyrst og fremst framkvæmt af starfsmönnum enda þekkja þeir skólstarfið best. Mikilvægt er að matið sé sameiginlegt framtak allra í skólanum því þá eru meiri líkur á því að starfsfólkið upplifi og viðurkenni gildi þess.

Matið gefur leiðbeiningar um hverju þarf að breyta og hvað þarf að bæta til þess að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Með sjálfsmati er unnt að greina styrkleika og veikleika skólans. Sú vitneskja nýtist til að skilgreina forgangsverkefni og skipuleggja aðgerðir til að koma á umbótum.

Með sjálfsmati er leitað svara við spurningum eins og:

- Hvað einkennir góðan skóla?
- Hversu góð er mín eigin frammistaða og frammistaða skólans í heild?
- Hvernig er hægt að afla vitneskju um þetta?
- Hvernig er hægt að laga það sem þarfnast úrbóta?

Vorið 2009 var ákveðið að sjálfsmatið í Laugargerðisskóla byggðist á skoska sjálfsmatskerfinu **How Good Is Our School** sem ber heitið **Gæðagreinar** í íslenskri þýðingu skólaskrifstofu Skagfirðinga.

Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi skólaskrifstofu Skagfirðinga hélt námskeið í Laugargerðisskóla í upphafi starfsins. Haustið 2010 var byrjað að vinna eftir kerfinu

Gæðagreinar 2

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Heildarárangur
2. Áhrif á nemendur
3. Áhrif á starfsfólk
4. Áhrif á samfélagið
5. Menntun
6. Stefnumótun og áætlanagerð
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk
8. Samvinna og búnaður
9. Forysta

Fyrir þessa lykilþætti alla skal gefa einkunn, ýmist eina heildareinkunn eða greint niður í einstök þemu. Einkunnin skal vera á bilinu 1-6, samkvæmt eftirfarandi skala:

Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Í gæðagreina vinnunni fer fram fjölþætt söfnun upplýsinga úr skólastarfinu, m.a fylgst með árangri nemenda hér og í framhaldsskólum. Einnig eru reglulegir vinnufundir starfsfólks. Liður í upplýsingaöflun eru foreldrakannanir og könnun á líðan nemanda.

Skólinn setur sér áætlun um sjálfsmat og skilar árlega skýrslu til sveitarstjórnar, skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans.

18. Stoðþjónusta , heilsugæsla.

Sérfræðiþjónusta

Beiðni um aðstoð þarf að koma frá foreldrum, umsjónarkennara eða skólastjóra. Stöku sinnum vex foreldrum í augum að barn þeirra þurfi sérfræðiaðstoð eða vísun til sálfræðings. Hafa ber í huga að sérfræðiþjónusta er dýrmætur stuðningur við allt skólastarf og getur í mörgum tilvikum gert gæfumuninn. Það skal ítrekað að farið er með öll mál sem trúnaðarmál. Skólinn nýtur þjónustu frá Félags og skólaþjónustu Snæfellsbæjar. Sálfræðingur kemur 1 sinni í mánuði og einnig koma talmeinafræðingur og náms og starfsráðgjafi í heimsóknir. Náms-og starfsráðgjöf verður skipulögð í samráði við foreldra og kennara elstu nemenda.

Einelti

Einelti er undir engum kringumstæðum liðið í Laugargerðisskóla. Komi slík mál upp er unnið samkvæmt eineltisáætlun skólans. Nauðsynlegt er að foreldrar láti skólann strax vita ef þeir verða varir við stríðni eða einelti.

Komi upp eineltismál eru það umsjónarkennari og/eða skólastjóri sem fara yfir málið með öllum aðilum þess og ákveða þeir næstu skref.

Stundum þarf að fá sálfræðing skólans með í framhaldsvinnu.

Alltaf er haft samband við heimilin og unnið í samráði við foreldra/forráðamenn.

Áætlun gegn einelti má nálgast á heimsíðu skólans.

Námsráðgjafi, kynning á framhaldsnámi

Starfslýsing frá Skólajónustu Snæfellsbæjar

Ráðgjöf um vinnubrögð

- Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerð
- Leiðsögn og fræðsla um námstækni (s.s námsaðferðir, lestraraðferðir og prófundirbúning)
- Leiðbeiningar og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðla geta að aukinni einbeitningu, úthaldi og auknu tilfinningarlegu jafnvægi

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla
- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi
- Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun
- Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum
- Hópráðgjöf/námskeiðahald sem styrkja einstaklinginn í námi og/eða atvinnuleit (s.s gerð ferilskráa, námstækni og prófkvíði)

Ráðgjöf við náms- og starfsval

- Áhugagreining
 - Könnun og greining á áhugasviði einstaklinga; fer ýmist fram með viðtölum eða með notkun mælitækja og kannana

Mat og greining á náms- og starfshæfni

- Greining styrkleika og veikleika einstaklinga með tilliti til náms og starfa; fer aðalega fram með viðtölum við ráðþega
- Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum
- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám, námskeið, starfsmenntun og starfsval
- Starfsfræðsla; umsjón með framkvæmd starfsfræðslu í samstarfi við kennara, starfsfræðslufulltrúa og fulltrúa atvinnulífsins
- Námskynningar; skipulag námskynninga innan skólans og undirbúningur og uppfræðsla nemenda fyrir stærri sameiginlegar námskynningar menntakerfisins

Menntaskóli Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi senda námsráðgjafa hingað árlega og kynna sína skóla. Stefnt er að því að nemendur og foreldrar elstu nemendanna geti hitt námsráðgjafa og er það kynnt þeim sérstaklega.

HEILSUGÆSLA Í SKÓLUM

Heilsugæslu í grunnskólum héraðsins er sinnt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Borgarnesi.

Markmið

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi heilsuverndar skólabarna er skv. Lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast heilsufarsskoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

6H heilsunnar – heilbrigðisfræðsla

Heilsuvernd skólabarna sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta ýmist í hópi eða á einstaklingsgrunni. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-h heilsunnar sem er samstarfsverkefni Heilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Áherslur fræðslunnar eru **hollusta-hvöld-hreyfing-hreinlæti-hamingja- hugrekki og kynheilbrigði**. Eftir fræðslu fá foreldrar sent bréf og gefst þeim þá kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu.

Heilsufarsskoðanir

1. bekkur. Mæld hæð, þyngd, sjón, heyrn (ef þurfa þykir) og litskyn.
4. bekkur. Mæld hæð, þyngd og sjón.
7. bekkur. Mæld hæð, þyngd og sjón.
9. bekkur. Mæld hæð, þyngd, sjón og blóðþrýstingur.

Hjúkrunarfræðingar sjá um skoðanir og annað eftirlit samkvæmt tillögum landlæknis. Skólakoðanir fara fram á skólatíma og eru ekki auglýstar sérstaklega nema hjá þeim nemendum sem eru bólusettir.

Hjúkrunarfræðingar bjóða upp á viðtalstíma fyrir nemendur á skólatíma, þá daga sem hjúkrunarfræðingur er í skólanum. Spurningarlisti verður sendur heim með 6 ára börnum og með öllum nýjum nemendum í byrjun skólaárs.

Bólusetningar

7. bekkur: Mislingar, rauðir hundar og hettusótt(ein sprauta). Stúlkur eru bólusettar gegn HPV (human papiloma virus) til að minnka líkur á leghálskrabbameini (þrjár sprautur á 6 mánaða tímabili).

9. bekkur: Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti(ein sprauta).

Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing.

Lyfjagjafir

Sjaldgæft er að börn þurfi að taka lyf á skólatíma. Þurfi börn á því að halda er foreldrum bent á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing og kynna sér tilmæli Landlæknis um [lyfjagjafir í skólum](#).

Slys og veikindi

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingar/ og starfsfólk viti af börnum sem eru með langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðarmenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

Lús

Mikilvægt er að foreldrar kembi og/eða leiti að lús í hári barna sinna reglulega, t.d. vikulega. Ef upp kemur lús í skólanum er send tilkynning um það heim ásamt leiðbeiningum um meðferð. Kemming og meðferð er á ábyrgð foreldra.

Líðan barna

Til að njóta sín í námi verður barninu að líða vel í skólanum. Heilsuvernd skólabarna hvetur foreldra til að vera vakandi yfir líðan barna sinna og spyrja þau reglulega um líðan sína. Einnig að hafa hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Foreldrar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá skólahjúkrunarfræðingi varðandi málefni er varða líðan og heilbrigði barnsins.

Skólahjúkrunarfræðingurinn Rósa Marinósdóttir kemur einu sinni í mánuði í skólann. Dagsetning á heimsóknum eru sendar heim í mánaðarbréfum.

Svefn

Foreldrar og forráðamenn eiga að sjá til þess að börn þeirra komi úthvöld í skólann, það gerir nemandann hæfari til að takast á við verkefni dagsins og öllum líður betur.

Svefnþörf barna er mikil, flest börn þurfa að sofa 8-10 klukkustundir á sólarhring.

Útivistartími barna

Börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn sem eru á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00 nema þau séu á á heimferð frá viðurkenndri skóla -, íþrótt eða æskulýðssamkomu. Foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivistartími og virði aldursmörk og annað í því sambandi.

Næring

Algengt er að krakkar drekki of mikið gos og borði skyndibítmamat en það er yfirleitt ekki næringaríkur matur fyrir börn sem eru að vaxa. Svona fæði getur líka leitt til offituvandamála sem getur orðið erfitt að taka á seinna meir. Hollt og gott fæði er mikilvægt fyrir einbeitingu og þroska barna.

Hreyfing

Hreyfing er nauðsynleg fyrir alla og mikilvægt er að foreldrar hjálpi börnum sínum að finna hreyfingu sem hentar. Mælt er með rösklegri hreyfingu í 60 mínútur á dag og getur það verið af ýmsum toga t.d. að ganga, synda, hlaupa, hjóla, dansa eða skipulagðar íþróttir.

Hreinlæti

Hreinlæti er eitthvað sem börn hafa ekki alltaf tilfinningu fyrir og þess vegna er mikilvægt að foreldrar og forráðarmenn sjái til þess að börn þeirra þrifi sig vel, að þau skipti reglulega um föt, bursti tennur, þvoi sér um hendur eftir að hafa verið á salerninu o.s.frv. Börn í óhreinum fötum geta orðið fyrir stríðni.

19. Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans .

Vistaðar undir liðnum skjöl eru:

Námskrá Laugargerðisskóla, grunnskóladeildar og leikskóladeildar

Áætlun um heilbrigði og öryggi á vinnustað

Áætlun gegn einelti

Rýmingaráætlun

Viðbrögð við eldsvoða

Neyðaráætlun, íþróttahús ,sundlaug

Jafnréttisáætlun

Móttaka nýrra nemenda

Viðbrögð við áföllum

Starfsmannastefna

Foreldra og nemenda kannanir

Þróunaráætlun

Innra mat, Sjálfsmatsskýrsla

20. Nemendur Laugargerðisskóla veturinn 2015-2016

LEIKSKÓLADEILD	Heimili	Sími	Afmæli
Elín Una Eggertsdóttir	Hofsstaðir	4356870	120811
Hrafnís Viðja Atladóttir	Dalsmynni	4356656	240212
Lukas Brazauskas	Miðhraun		281011
Sigurður Arndal Ingvarsson	Stóri Krókur 1	8476049	031211
Svandís Svava Halldórsdóttir	Hrossholt	8610175	221112
1. BEKKUR			
Tumen-Ayush Khash-Erdene	Miðhraun	8924887	090909
2. BEKKUR			
Aron Sölvi Atlason	Dalsmynni	4356656	070908
Freyja Dögg Gísladóttir	Stóri Krókur 5	8460840	061108
Kamilé Bagdanaviciuté	Miðhraun	8461617	090508
Kristín Lára Eggertsdóttir	Hofsstaðir	4356870	021108
3. BEKKUR			
Friðjón Haukur Kristjánsson	Snorrastaðir	4356628	240307
Um- Ayush Khass-Erdene	Miðhraun	8924887	141107
4. BEKKUR			
Artjom Pushkar	Miðhrauni 2	6904188	250606
Gísli Sigurbjörnsson	Minni-Borg	4356866	021006
Ingibjörg Eggertsdóttir	Hofsstaðir	4356870	090506
Kolbrún Katla Halldórsdóttir	Hrossholt	8610175	280906
6. BEKKUR			
Eyvindur Enok Sigurðsson	Laugargerði	4356605	180404
Jón Haukur Erpsson	Kolviðarnes	4356772	030504
Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir	Minni-Borg	4356866	151104
8. BEKKUR			
Jóna María Gísladóttir	Mýrdalur	4356637	160102
Steinunn Ósk Sigurðardóttir	Miðhraun	4356786	190602
9. BEKKUR			
Ayushtseren Khass-Erdene	Miðhraun	8924887	110501
Bjarki Þór Ásbergsson	Hraunholt	4371866	080301
Hallbjörn Heiðar Sigurðsson	Krossholt	4211282	280601
10. BEKKUR			
Árbjartur Angi Andrésson	Ystu-Garðar	4356646	171100
Inga Dís Víkingsdóttir	Söðulsholt	4351514	091000